

Reglur Hvalfjarðarsveitar um samnýtingu sorpílata

1. gr.

Hvalfjarðarsveit ber ábyrgð á meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu skv. samþykkt um meðhöndlun úrgangs nr. 222/2023. Um málaflokkinn gilda lög um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og reglugerð sama efnis nr. 803/2023.

2. gr.

Í 4.gr. gjaldskrár nr. 1577/2023 fyrir meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit segir: „Umráðafólk tveggja eða fleiri fasteigna á samliggjandi lóðum, eða fjölbýlishúsa, getur lagt inn skriflega umsókn til sveitarfélagsins um samnýtingu á sorptunnur/ílátum milli fasteigna. Forsendur þess eru að allar sorptunnur/ílát hlutaðeigandi fasteigna séu staðsett á sama stað og að staðsetning þeirra valdi ekki grenndaráhrifum gagnvart eigendum annarra fasteigna í næsta nágrenni“. Sækja þarf um samnýtingu á sérstöku umsóknareyðublaði. Hægt er að sækja um rafrænt á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar; hvalfjardarsveit.is . Móttaka umsókna og afgreiðsla er hjá skrifstofu sveitarfélagsins.

Með umsókn þurfa að fylgja eftirfarandi gögn:

- Undirritað samþykki allra hlutaðeigandi aðila (eigenda umræddra fasteigna).
- Nákvæm staðsetning ílát á loftmynd og á ljósmynd.
- Undirritað samþykki næstu nágretta (ef það á við), þar sem mikilvægt er að staðsetning sorpílatanna valdi ekki grenndaráhrifum.
- Upplýsingar um með hvaða hætti gengið verður frá ílátunum (festingar), svo tryggt sé að ekki stafi af þeim fohætta.
- Sveitarfélagið getur kallað eftir frekari gögnum, meti það aðstæður þannig.

3. gr.

Skylt er að flokka í fjóra úrgangsflokka, sbr. 6. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit, og þurfa öll fjögur sorpílatin að vera á sama stað. Staðsetning þeirra skal vera þannig að aðgengi að þeim sé gott, þau valdi ekki grenndaráhrifum né skapi hreinlætisvandamál. Húsráðendur skulu gæta þess að ílát séu hrein, vel við haldið og festingar mega ekki hamla losun þeirra. Húsráðendur bera sameiginlega ábyrgð á að moka snjó frá sorpgerði/sorpílatum ef þörf krefur vegna söfnunar. Auðvelt skal vera að keyra ílátin að söfnunartæki og miða skal við að ekki þurfi að draga ílátin lengra en 20 metra að lóðamörkum/aðkomu söfnunarbíls. Sorpílat skulu jafnan standa lokuð og ekki fyllt meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

4. gr.

Ef eigendaskipti verða á fasteign, þarf að endurnýja umsókn um samnýtingu sorpílatá með undirskriftum allra eigenda umræddra fasteigna.

5. gr.

Gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs skv. gjaldskrá skiptast í í jöfnum hlutföllum á milli þeirra aðila sem nýta sömu sorptunnur/ílát. Gjöldin verða innheimt með sama hætti og gjaldskrá kveður á um. Umsýslugjald vegna umsóknar er 3.500 kr í hvert sinn sem óskað er breytinga.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2024 en koma ekki til framkvæmda fyrr en síðar það ár. Nýtt gjald verður innheimt í samræmi við breytt fyrirkomulag samhliða fasteignaskatti frá árinu 2025.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar, 13.12.2023